

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. nóvember 2012
Tilvísun: UST20121100119/bs

Jarðstrengir á Snæfellsnesi, breytt aðalskipulag Snæfellsbæjar og Grundarfjarðarbæjar. Óveruleg breyting á deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar. Umsögn

Vísað er til bréfs Snæfellsbæjar dags. 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á aðal - og deiliskipulagi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar. Hér er um að ræða lagningu tæplega 380 m jarðstrengs Strengurinn verður alfarið lagður meðfram vegum og stígum. Að lagningu strengsins loknu verður tæplega 110 m loftlína fjarlægð. Við framkvæmdina verður hvergi farið um óraskað land.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar.


Breytt aðalskipulag Snæfellsbæjar. Strengleiðin sem er um 14 km löng liggur að mestu meðfram núverandi vegum og slóðum. Strengurinn verður lagður innan tveggja svæða á náttúruminjaskrá; Svæði nr. 223 Utanvert Snæfellsnes og svæði nr. 225 Búlandshöfði. Lagning jarðstrengs hefur ekki áhrif á náttúruverndargildi umræddra svæða. Núverandi loftlína RARIK verður fjarlægð.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Breytt aðalskipulag og Grundarfjarðarbæjar. Strengleið er um 12 km löng og liggur að mestu samsíða núverandi vegum og stígum. Strengleiðin er að hluta innan svæðis nr. 225 á náttúruminjaskrá. Strenglöggnin mun ekki hafa áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Núverandi loftlína RARIK verður að líkindum fjarlægð.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson